# Leiðbeiningar um notkun - Rely+On™ Virkon®

Rely+On™ Virkon™ er sterkt sótthreinsiefni fyrir yfirborðsfleti, efnið er veirueyðandi, sýklaeyðandi og sveppaeyðandi.

**NOTKUNARMÖGULEIKAR:** Rely+On™ Virkon™ er sótthreinsiefni fyrir harða yfirborðsfleti á heilbrigðisstofnunum, rannsóknarstofum, matvælavinnslustöðvum og í almenningsrýmum. Rely+On™ Virkon™ hefur sannreynda virkni á meira en 24 veiruflokka, 38 sýklaættkvíslir og 23 sveppaættkvíslir, að HIV meðtöldu, lifrarbólgu B og C, MRSA, VRW, salmónellu, svínaflensu, hermannaveiki og nóróveirur. Sérstakar notkunarleiðbeiningar eru fáanlegar á upplýsingabæklingnum í pakkningunni.

**Notkun:** Til að undirbúa 1% lausn skal bæta 1 töflu við hverja 500 ml af volgu vatni. Leyfið töflunni að leysast upp að fullu. Vinsamlega skoðið notkunarleiðbeiningarnar fyrir tiltekna notkun. Rely+On™Virkon® lausnir eru stöðugar í 5 daga. Til þess að viðhafa góðar smitvarnir skal skipta um sótthreinsilausn á hverjum degi.

| Fjöldi taflna | Vatnsmagn |
|---|---|
| 1 | 500 ml |
| 2 | 1 lítri |
| 4 | 2 lítrar |
| 10 | 5 lítrar |




Rely+On™Virkon®
**Inniheldur:** Pentakalíum bis(peroxýeinsúlfat) bis(súlfat)* (506 g/kg)



### HÆTTA

**Hættusetningar** - Veldur alvarlegum augnskaða. Veldur húðertingu. Skaðlegt lífi í vanti með langvinnum áhrifum.

**Varnaðarsetningar** - Notið hlífðarhanska/hlífðarfatnað og augnhlífar/andlitshlífar. Forðist losun út í umhverfið. Þvoið hendur vandlega eftir meðhöndlun. BERIST EFNIÐ Í AUGU: Skolið varlega með vatni í nokkrar mínútur. Fjarlægið snertilinsur ef það er auðvelt. Skolið áfram. Hringið umsvifalaust í EITRUNARMIÐSTÖÐ eða lækni.
Fargið innihaldi og íláti í samræmi við gildandi staðbundnar, svæðisbundnar, landsbundnar og alþjóðlegar reglugerðir.
Viðbótarupplýsingar - Inniheldur tvíkalíumperoxótvísúlfat. Getur framkallað ofnæmisviðbrögð.

**VARÚÐARRÁÐSTAFANIR:** Notið sæfiefni á öruggan hátt. Lesið ávallt allar leiðbeiningarnar vandlega fyrir notkun. Skoðið gagnablað fyrir öryggi og notkunarleiðbeiningar vöru fyrir notkun. EINUNGIS NOTAÐ Í ATVINNUSTARFSEMI. Þessi pakkning inniheldur poka með þurrkandi efni sem verður að geymast í ílátinu. Festið lokið á eftir að töflur eru teknar úr íláti og geymið ílátið á köldum og þurrum stað þar sem beint sólarljós kemst ekki að. Rely+On™ Virkon™ 1% lausnir eru stöðugar í 5 daga. Til þess að viðhafa góðar smitvarnir skal skipta um sótthreinsilausn á hverjum degi.

**GEYMzSLA:** Lokuð ílát skal geyma á köldum og þurrum stað. Geyma skal undirbúnar lausnir fjarri beinu sólarljósi, við herbergishita (15-25°C). Töfluílátið inniheldur poka með þurrkandi efni sem ætti alltaf að geymast í pakkningunni.

**FÖRGUN:** Ónotuðum Rely+On™Virkon® má henda í venjulegt sorp fyrir vökva, svo sem vaska og niðurföll sem tengd eru skólpkerfi byggðarinnar í samræmi við reglugerðir yfirvalda á svæðinu. EKKI henda í götuniðurföll eða önnur óvarin vatnskerfi. Farga skal öllum pakkningum og/eða duft-/töfluúrgangi í samræmi við gildandi reglur.

Neyðarsímanúmer: Eiturefnastöð 543 2222

Antec International Limited
Windham Road, Chilton Industrial Estate, Sudbury, Suffolk CO10 2XD UK
Sími: +44 (0) 1787 377 305 - Fax +44 (0) 1787 310846
relyondisinfection@lanxess.com - www.relyondisinfection.com